

Fimmtudaginn 29. febrúar 1996.

Nr. 396/1995.

**Ákærvaldið**

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

**Jóni Ellert Tryggvasyni**

(Jón Magnússon hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Fjársvik. Fjárdráttur. Stjórnarskrá.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 20. nóvember 1995. Vísar ákærði til a- og b-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu af ákæruatriðum í I. kafla ákæru og í 1. og 2. tölulið í II. kafla ákæru, en að fyrir aðrar sakargiftir verði honum dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa. Þá krefst hann þess, að refsing verði skilorðsbundin.

Ákærvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms um sakfellingu ákærða og að refsing hans verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Fallist verður á með héraðsdómara, að við ákvörðun refsingar verði að taka tillit til þess verulega dráttar, sem varð á hluta málsmeðferðar, áður en ákæra var gefin út, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem henni var breytt með 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Með þessari athugasemd verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð :**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Jón Ellert Tryggvason, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. nóvember 1995.**

Ár 1995, föstudaginn 10. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-692/1995: Ákærvaldið gegn Jóni Ellert Tryggvasyni og X, en málið var dómtekið 6. þ. m. eftir framhaldsmeðferð.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 27 júní 1995, á hendur „Jóni Ellert Tryggvasyni, Njálsgötu 41, Reykjavík, fæddum 29. júlí 1967, fæðingarnúmer 504, og X.

#### I.

*Fjársvik ákærðu Jóns Ellerts og X.*

Ákærða Jóni Ellert eru gefin að sök tékkasvik með því að hafa í júlímánuði 1991 notað í viðskiptum í Reykjavík, nema annars sé getið, eftirtalda þrettán tékka, samtals að fjárhæð 1.462.002 kr., að frá dreginni innstæðu, 20.045,30 kr., fyrir hluta af einum tékkanna, alla út gefna af meðákærða, X, sem undirritaði tékkaeyðublöðin eigin nafni, en ákærði Jón Ellert fyllti út að öðru leyti, til greiðslu af tékkareikningi útgefanda nr. 25548 í Búnaðarbanka Íslands, Austurstræti 5, Reykjavík, þrátt fyrir vitneskju um, að innstæða væri ekki til fyrir tékkunum, sem hann ráðstafaði með eftirgreindum hætti:

— — —

Ákærða X er gefin að sök hlutdeild í framangreindum brotum með ákærða, Jóns Ellerts, fyrir að stofna 21. júní 1991 í Búnaðarbanka Íslands tékkareikning þann, er að framan greinir, í þágu meðákærða, Jóns Ellerts, og, eftir að hann hafði keypt dagana 21. 6., 25. 6. og 8. 7., þrjú tékkhefti með samtals 75 eyðublöðum, að afhenda meðákærða þau undirrituð, en óútfyllt að öðru leyti, til nota í viðskiptum án þess að geta tryggt, að til yrði innstæða fyrir þeim. Tékkareikningnum var lokað 17. júlí 1991 vegna misnotkunar, og var fjárhæð fimmtán innleystra innstæðulausra tékka til viðbótar þeim þrettán, er að framan greinir, samtals 1.254.092 kr.

Brot ákærðu teljast varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 22. gr. sömu laga, að því er varðar brot ákærða X.

#### II.

*Fjárdráttur ákærða Jóns Ellerts.*

1. Ákærða er gefið að sök að hafa í desember 1991 dregið sér og notað í eigin þágu tvö skuldabréf, bæði út gefin 16. október 1991 af Hannibal

Sigurvinssyni til Róberts Daglas, hvort að nafnverði 900.000 kr., tryggð með 3. samhliða veðrétti í fasteigninni Aragerði 20, Vogum, er ákærði hafði í nóvembermánuði 1991 tekið að sér að selja fyrir útgefanda, sem hafði lát-ið þinglýsa bréfunum á hina veðsettu eign 30. október 1991, en fengið þeim aflýst í nóvembermánuði 1992, eftir að hann hafði greitt þáverandi eigend-um bréfanna 1.320.000 kr.

2. Ákærða er og gefið að sök að hafa, eftir að Örn Héðinsson hafði 28. nóvember 1991 afhent honum til sölu tvo tékka, að fjárhæð 300.000 kr., út gefna af Tölvuverslun Reykjavíkur hf. á tékkareikning nr. 621 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, báða til handhafa, annan með útgáfudegi 24. desember 1991 og hinn 27. sama mánaðar, dregið sér tékkana og notað heimildarlaust í eigin þágu.

3. Þá er ákærða gefið að sök að hafa í febrúarmánuði 1995 dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu fjögur skuldabréf, út gefin af Byggingarfé-laginu Burðarási hf. 23. nóvember 1994, hvert að fjárhæð 500.000 kr., tvö tryggð með 2. veðrétti í fasteigninni Fjallalind 4, Kópavogi, og tvö með 2. veðrétti í Fjallalind 6, sem framkvæmdastjóri greinds félags hafði afhent ákærða 25. janúar 1995 til sölu.

Brot ákærða samkvæmt II. kafla ákæru varða við 247. gr. almennra heg-ningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

### *Bótakröfur.*

— — —

Samkvæmt yfirlýsingu ákæranda við flutning málsins sættu mörg mál rannsókn á hendur ákærða Jóni Ellert Tryggvasyni allt frá árinu 1990 og fram á þetta ár. Verður nánar vikið að því síðar. Ekki verður ráðið af gögn-um málsins, að málin tengist, og því ekki unnt að gera heildstætt grein fyrir málinu í upphafi, heldur verður gerð grein fyrir hverjum kafla ákæru fyrir sig í upphafi umfjöllunar um viðkomandi kafla og þar getið um upphaf rannsóknar hvers þáttar fyrir sig.

### I.

Upphaf afskipta lögreglu af þessum þætti málsins má samkvæmt gögnum málsins rekja til kæra, sem lögreglunni bærust vegna útgáfu tékkanna, sem hér er ákært út af. Ekki þykir ástæða til að rekja kærurnar frekar hér, en víkja að framburði ákærðu fyrir dómi.

Ákærði Jón Ellert kom fyrir dóm 13. september sl. og neitaði þá ákæru-efni þessa kafla ákæru. Hann kom síðan fyrir dóminn 10. og 11. október sl. og 6. þ. m., og kvað hann þá útgáfu og notkun þeirra 13 tékka, sem í ákæru greinir, rétt lýst. Hann kvað aðdraganda hafa verið þann, að ákærðu hefðu

ætlað að hefja verslunarrekstur, og í tengslum við það hefði ákærði fengið meðákærða, X, til að stofna tékkareikning og síðan undirrita tékka og afhenda sér. Ákærði kvaðst síðan hafa ritað þá þrettán tékka, sem lýst er í ákæru, og notað svo sem þar greinir. Sjálfur kvaðst hann ekki geta stofnað tékkareikning, og því hefði hann fengið meðákærða til að stofna reikninginn, svo sem rakið var. Hann kvaðst síðan hafa komist í fjárhagsvandræði, gefið út tékka og dagsett fram í tímann, en þeir tékkar, sem ákært er út af, séu þeir tékkar, sem hann hafi ekki getað greitt í tæka tíð. Hann hafi ekki haft fasta, launaða vinnu á þessum tíma, en vonast til að fá peninga úr „sjoppu“-rekstrinum, sem fyrirhugaður var til að greiða tékkana. Ekkert varð úr þeim rekstri. Hann kvaðst ekki hafa vitað nákvæmlega, hver staðan var á tékkareikningnum, er hann ritaði þá tékka, sem í ákæru greinir, en kvað allan tímann ljóst, að ákærði hefði átt að standa undir útgjöldum þessa reiknings, en ekki meðákærði, enda sér verið ljóst, að meðákærði hefði ekki verið borgunarmaður.

Ákærði X kom fyrir dóm 13. september og 10. október sl. og kvað háttsemi sinni þá rétt lýst í ákæru. Hann kvaðst í greiðaskyni við meðákærða hafa stofnað tékkareikninginn í Búnaðarbankanum og undirritað tékkana og afhent meðákærða til notkunar gegn lofordi hans um, að reikningurinn færi ekki í vanskil. Stofnun reikningsins tengdist fyrirhuguðum verslunarrekstri ákærðu. Ákærði kvaðst ekkert hafa vitað um notkun tékkanna og ekkert fengið í sinn hlut af andvirði þeirra, en hann kvaðst hafa haft samband við meðákærða, er vanskil voru orðin á reikningnum, og meðákærði lofað að ráð bót á því. Ákærði kvaðst ekki hafa haft samband við viðskiptabankann, er vanskil höfðu orðið, en hélt, að meðákærði myndi gera það.

## II. 1.

Hinn 29. janúar 1992 lagði Hannibal Sigurvinsson fram kæru á hendur ákærða fyrir fjárdrátt. Samkvæmt kærinni voru málavextir þeir, að Hannibal hafði fyrir tilviljun hitt ákærða á bílasölu og mál þróast þannig, að ákærði hefði tekið að sér að selja skuldabréf fyrir Hannibal, en Róbert Daglas ætlað að selja skuldabréfin í viðskiptabanka sínum. Hannibal kvaðst enga peninga hafa fengið og margsinnis hafa haft samband við ákærða, sem hafi greint sér frá því, að skuldabréfin væru í banka, hann þyrfti einungis að nálgast þau og afhenda Hannibal. Ekkert hafi gerst, fyrr en Hannibal tók að berast greiðsluseðlar vegna skuldabréfanna, og hafi hann þá kært.

Ákærði neitaði þessum ákæruálið. Hann kom fyrir dóminn 13. september sl. og síðan 10. október sl. Hann bar þá að hafa fengið þau tvö skuldabréf,

sem lýst er í ákæru, og hafi verið ætlunin að selja skuldabréfin fyrir Hannibal Sigurvinsson og afhenda honum söluandvirði að undanskildum 25% afföllum. Hann kvaðst síðan hafa ráðstafað skuldabréfunum. Hannibal hefði síðan komið að máli við sig og innt sig eftir uppgjöri vegna skuldabréfanna. Ákærði hefði sagt, að hann þyrfti ákveðinn tíma til að gera þau upp. Að þeim tíma liðnum kvaðst hann hafa haft samband við Hannibal og greint honum frá því, að Sigurður Ólason hefði komið að máli við sig og greint sér frá því, að Hannibal skuldaði sér peninga, og ákærði þá spurt Hannibal að því, hvort greiðslan mætti ekki ganga beint til Sigurðar Ólasonar. Hefði Hannibal samþykkt það.

Undir rannsókn málsins nefndi ákærði Sigurð Ólason aldrei á nafn og bar aldrei um uppgjör sitt og Hannibals á þann veg, er hann greindi frá fyrir dómi.

Ákærða var gefinn kostur á því að leiða Sigurð Ólason sem vitni undir aðalmeðferð málsins eða leggja fram gögn, sem styddu framburð ákærða, og var flutningi málsins frestað í þessu skyni. Hvorugt var gert.

Vitnið Hannibal Sigurvinsson vélvirki kom fyrir dóminn 10. og 11. október sl. Lýsti hann fjárhagserfiðleikum sínum á þessum tíma, útgáfu skuldabréfanna, sem lýst er í ákæru, og því, er hann fékk ákærða til að selja skuldabréfin, en afföll munu hafa átt að nema 50.000 eða 60.000 krónum. Hannibal kvað ákærða og Róbert Daglas hafa tekið við skuldabréfunum til sölu og kvaðst hafa litið á það sem greiða af þeirra hálfu að koma skuldabréfunum í verð fyrir sig, eftir að þeim var ljóst, í hvers kyns fjárhagsvandræðum hann átti. Róbert hafi síðan greint sér frá því, að ákærði hefði svikið sig og hann ekkert vita frekar um málið og ekkert fengið af andvirði skuldabréfanna. Er ekkert hefði bólað á peningunum, kvaðst Hannibal hafa haft samband við ákærða og kvað sig minna, að ákærði hefði þá verið búinn að koma skuldabréfunum í verð.

Hannibal vísaði framburði ákærða um Sigurð Ólason og skuld sinni við þann mann á bug svo og því, að ákærði hefði fengið heimild hjá sér til að ráðstafa andvirði skuldabréfanna á þann hátt, sem ákærði greindi frá og rakið var að framan.

Ráðstöfun ákærða á andvirði skuldabréfanna hefði því verið óheimil.

Vitnið Reynir Ástþórsson verslunarmaður kom fyrir dóm 10. október sl. Reynir kvaðst minnast þess að hafa tekið við öðru skuldabréfanna af ákærða, líklega upp í skuldir, en ákærði líklega fengið einhverja milligjöf í reiðufé. Þá kvað Reynir sig minna, að ákærði hefði greitt andvirði tékkanna, sem lýst er í 2. tl. II. kafla ákæru, með skuldabréfinu, en Reynir kvaðst hafa þurft að greiða báða þá tékka, sem hefðu reynst innstæðulausir.

Hinn 15. desember 1993 hafði Baldvin Einarsson rannsóknarlögreglu- maður símasamband við Sama Daglas (Róbert Tómasson), en það mun vera sami aðili og nefndur er Róbert Daglas hér að framan. Baldvin ritaði skýrslu um þetta samtal, og var hún borin undir Hannibal Sigurvinsson fyrir dómnum. Hann kvað efni skýrslunnar rétt að svo miklu leyti, sem hann gat borið um efni hennar. Í skýrslunni kemur m. a. fram, að Sami Daglas hafi ekkert fengið í sinn hlut af andvirði skuldabréfanna, sem lýst er í þessum ákærulið. Hið síðasta, er Sami kvaðst hafa heyrt af skuldabréfum þessum, hefði verið frá Hannibal, sem hefði greint sér frá því, að fyrsti gjalddagi skuldabréfanna væri kominn, en ákærði ekki skilað Hannibal neinu af sölu- andvirði þeirra. Sami kvaðst hafa samþykkt að vera kröfuhafi á skuldabréf- unum, en í fyrstu hefði hann ætlað að selja skuldabréfin, en síðar fallið frá því, en verið áfram kröfuhafi á bréfunum og framselt þau sem slíkur.

## II. 2.

Hinn 27. desember 1991 kærði Örn Héðinsson ákærða fyrir svik, eins og segir í kæru, sem dagsett er sama dag, en Örn lagði kæruna fram f. h. Tölvu- verslunar Reykjavíkur hf. Örn kvað aðdragandann þann, að verslunin hefði átt í erfiðleikum með að útvega fjármagn til að leysa vörur úr tolli. Þá hefði borist ábending um, að ákærði gæti e. t. v. útvegað fé gegn hóflegum vöxt- um. Haft hefði verið samband við ákærða, sem hefði boðist til að útvega 600.000 kr. með 10% afföllum gegn afhendingu tveggja tékka, hvors að andvirði 300.000 kr. Ákærði hefði komið í Tölvuverslun Reykjavíkur 28. nóvember 1991 og fengið tékkana, sem í ákæru greinir, afhenta, og hefði verið ákveðið, að hann kæmi aftur síðar sama dag og afhenti peningana, sem um hafði verið samið. Ekkert hefði bólað á ákærða. Þá hefði verið haft samband við hann, en hann greint frá því, að hann hefði eitthvað misreikn- að sig, hann gæti ekki staðið við loforðið. Þá hefði verið ákveðið, að ákærði skilaði tékkunum aftur, en það hefði hann ekki gert. Þá hefði verið haft samband við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, þar sem Erni hefði verið ráðlagt að tilkynna þessa tvo tékka sem glataða. Örn kvaðst síðan hafa orð- ið þess var þennan dag, þ. e. 27. desember 1991, að búið hefði verið að inn- leysa aðra ávísunina, og hefði Reynir Ástþórsson innleyst hana. Reynir hefði síðan greint sér frá því, að ákærði hefði afhent sér báða tékkana sem greiðslu upp í gamla skuld, en þar sem skuld ákærða við Reyni hefði numið lægri fjárhæð en andvirði tékkanna, hefði ákærði fengið muninn í reidufé.

Ákærði vísaði þessu sakarefni á bug fyrir dómnum 13. september sl.

Ákærði kom aftur fyrir dóm 10. október. Hann kvaðst hafa fengið tékk- ana í hendur og ætlunin verið sú, að ákærði kæmi tékkunum í verð og af-

henti Erni Héðinssyni andvirði þeirra. Ákærði kvaðst ekki samþykkur því að hafa dregið sér tékkana og notað heimildarlaust í eigin þágu, svo sem lýst er í ákæru. Hann kvaðst hins vegar hafa haft undir höndum víxla, sem Tölvuverslun Reykjavíkur átti að greiða, en kvaðst hafa fengið þá frá Magnúsi Karlssyni í Bláfelli. Ákærði kvaðst hafa gert sér grein fyrir því, að Tölvuverslun Reykjavíkur stefndi í gjaldþrot, og því hafa leitað eftir því við forsvarsmenn þess fyrirtækis að fá víxlana greidda. Þeir hefðu hins vegar sagt, að þeir vildu fyrst fá peningana vegna ráðstöfunar tékkanna. Ákærði kveðst þannig hafa átt kröfu á þessa menn og notað andvirði tékkanna til að gera upp þá skuld og því í raun hafa skuldajafnað. Ákærði kvaðst hafa notað tékkana til að gera upp skuld sína við Reyni Ástþórsson.

Meðal gagna málsins er greiðslukvittun, þar sem ákærði undirritar og staðfestir móttöku tékkanna. Í texta greiðslukvittunarinnar segir m. a.: „Ávísanirnar skilist fyrir kl. 18.00 28/11 1991 eða sambærilegri peningagreiðslu. Ávísanir þessar eru ekki viðkomandi viðskiptum Bláfells hf. og Tölvuverslunar Rvíkur.“ Greiðslukvittun þessi var borin undir ákærða í lög-regluglyfirheyrslu 14. maí 1992 og þá sérstaklega texti kvittunarinnar, og útskýrði hann þar tilgang hins tilvitnaða texta.

Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa komist að því síðar, er hann bar texta þessarar kvittunar saman við texta kvittunar, sem hann hafði sjálfur undir höndum, að bætt hefði verið inn á kvittunina þeim texta, að ávísanirnar væru ekki viðkomandi viðskiptum Bláfells. Ákærði hefur ekki lagt fram kvittun þá, sem hann sagðist hafa undir höndum og vitnaði til að ofan.

Vitnið Örn Héðinsson bókhaldari kom fyrir dóminn 10. október sl.

Örn lýsti efnislega og í aðalatriðum á sama veg og í kærinni, sem getið er um að ofan, samskiptum sínum og ákærða vegna útvegunar fjár til að leysa vörur úr tolli fyrir júl 1991. Eftir að Örn hafði frétt af ákærða, hefði ákærði sett sig í samband við sig og boðist til að útvega fé. Ákærði kvaðst koma fram sem milliliður milli Arnar og þess aðila, sem útvegaði féð, en sá vildi halda nafni sínu leyndu. Ákærði sæi um viðskiptin fyrir þeirra hönd. Ákærði hefði átt að afhenda andvirði tékkanna, annaðhvort samdægurs eða daginn eftir, en gefin hefði verið út greiðslukvittun, sem ákærði undirritaði til staðfestingar móttöku tékkanna. Örn vísaði því á bug, að texta hefði verið bætt inn á greiðslukvittunina, eftir að ákærði undirritaði hana, en Örn kvaðst ekki vita betur en ákærði hefði fengið afrit kvittunarinnar í hendur. Ákærði hefði hvorki fengið heimild frá sér né kollega sínum til að ráðstafa tékkunum öðruvísi en upphaflega var um samið. Víxlar þeir, sem ákærði greindi frá, hefðu komið til vegna viðskipta Tölvuverslunar Reykjavíkur og Bláfells hf., en Örn kvaðst ekki vita um nein tengsl ákærða við Bláfell og ekki hafa hitt ákærða, fyrr en viðskiptin með tékkana urðu. Örn kvaðst hafa afturkallað tékkana, en annar tékkanna hefði verið innleystur,

en Íslandsbanki að lokum þurft að bera tjón vegna þess tékka, eftir að Örn hefði leitað aðstoðar lögmanns við að rétta hlut Tölvuverslunar Reykjavíkur gagnvart Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem í fyrstu hefði neit- að að viðurkenna afturköllun tékkans.

Vitnið Reynir Ástþórsson verslunarmaður kom fyrir dóm 10. október sl. Kvaðst hann telja sig hafa keypt af ákærða tékkana, sem lýst er í þessum ákærulið. Reynir kvaðst hafa komist að því síðar, að ákærði hefði tekið að sér að selja tékkana fyrir tölvuverslun, en aldrei skilað peningunum. Reynir kvað tékkana hafa reynst innstæðulausa og lent á sér að greiða þá, en ákærði síðan ætlað að greiða sér tékkana með því að afhenda sér annað skuldabréfanna, sem lýst er í ákærulið II. 1. að framan.

### II. 3.

Hinn 13. febrúar 1995 barst Rannsóknarlögreglu ríkisins kæra frá Engilbert Imsland, þar sem hann kærir ákærða fyrir þjófnað og fjársvik, eins og segir í kærinni. Í kærinni segir efnislega, að þau fjögur skuldabréf, sem lýst er í þessum ákærulið, hafi verið gefin út og átt að selja í því skyni að fjármagna byggingarframkvæmdir Byggingarfélagsins Burðaráss hf. í Kópavogi. Hafi ákærði tekið að sér að koma skuldabréfinu í verð, haft samband við fyrirtækið og boðist til að selja skuldabréfin. Í kærinni er síðan lýst samskiptunum við ákærða vegna skuldabréfanna og loks því, er haft var samband við ákærða 6. janúar sl. og hann þá viðurkennt að hafa tekið skuldabréfin án heimildar og ráðstafað þeim í viðskiptum. Hann hafi þá haft uppi hugleiðingar um að bæta úr mistökunum, eins og segir í kærinni.

Ákærði kom fyrir dóm 13. september sl. og vísaði þessu sakarefni þá á bug. Hann kom síðan fyrir dóminn 10. október sl. og viðurkenndi þá að hafa tekið við skuldabréfunum í því skyni að selja og ákærði átt að afhenda Engilbert Imsland andvirði þeirra. Hann kvaðst hafa ráðstafað skuldabréfunum í eigin þágu og án heimildar frá Engilbert. Ákærði kvaðst nú geta endurgreitt andvirði skuldabréfanna, en á þeim tíma, sem í ákæru greinir, hefði verið mikil umræða í þjóðfélaginu um veðsetningar í Kópavogi, þá í húsnæði, sem aldrei hefði verið reist. Hann kvaðst því hafa ákveðið að greiða Engilbert ekki andvirði skuldabréfanna, fyrr en fasteignirnar, sem veðsettar voru, væru komnar eitthvað áleiðis, og kveðst hafa rætt þetta við Engilbert. Ákærði kvaðst hafa notað tvö skuldabréfanna til að greiða skuld sína við nafngreindan mann, en hin séu til innheimtu í banka. Kvaðst ákærði hafa afhent skuldabréfin manni, sem hann vildi ekki nafngreina, en maður þessi kaupir skuldabréf og afhendi andvirði skuldabréfanna, er byggingarnar, sem veð eru í, séu komnar áleiðis. Um þetta hafi verið samið með ákærða og þessum ónafngreinda manni.

Vitnið Engilbert Imsland verktaki kom fyrir dóm 10. október sl. Hann kvað ákærða hafa boðist til að annast sölu skuldabréfanna, sem lýst er í

Þessum ákærulið. Söluandvirði skuldabréfanna átti að nota til að fjármagna byggingarframkvæmdir í Kópavogi. Aldrei hefði verið um annað rætt en að ákærði ætti að afhenda Engilbert söluandvirði skuldabréfanna, en Engilbert kvaðst vita til þess, að ákærði hefði ráðstafað tveimur skuldabréfanna til að gera upp skuldir sínar við nafngreindan mann, en hin tvö, kvaðst Engilbert ekkert vita, hvar væru niður komin. Engilbert kvaðst hafa greitt ákærða fyrir sölu skuldabréfanna, en aldrei hefði verið rætt um það, eins og ákærði hefur borið, að ákærði myndi afhenda söluandvirði skuldabréfanna, er byggingarnar væru komnar eitthvað áleiðis, en byggingarnar séu nú langt komnar, Fjallalind 4 sé fohheld og uppfylltir sökklar að Fjallalind 6.

## I.

*Niðurstöður.*

Ákærði Jón Ellert hefur viðurkennt að hafa ritað þá 13 tékka, sem hér um ræðir, eftir að hann hefði fengið árituð tékkaeyðublöð hjá meðákærða, eins og lýst er í ákæru. Framburður ákærða X er efnislega á sama veg um þetta. Þá hefur ákærði Jón Ellert borið, að flestir tékkanna, sem í þessum ákærulið greinir, hafi verið svokallaðir geymslutékkar, þ. e., að tékkarnir hafi verið dagsettir fram í tímann og viðtakendur samþykkt að geyma þá og innleysa í samræmi við dagsetningu á hverjum tékka.

Verjandi ákærða Jóns Ellerts telur, að um tékkalagabrot hafi verið að ræða, er þannig stendur á, og var málið flutt með hliðsjón af því.

Fjárhæð tékkanna, sem hér um ræðir, er 1.461.002 kr., en svo sem lýst er í ákæru, dragast frá rúmlega 20.000 krónur. Tékkarnir eru allir gefnir út á stuttum tíma, en tékkareikningurinn var einungis opinn rúmar þrjár vikur, áður en honum var lokað.

Ákærði Jón Ellert hefur borið, að hann hafi verið kominn í fjárhagsvand-ræði og ekki hafi tekist að leggja inn á reikninginn til að eiga fyrir þessum 13 tékkum. Ákærði hafði ekki fasta, launaða vinnu á þessum tíma, en hann kvaðst hafa vonast til þess að fá peninga úr verslunarrekstrinum, sem fyrir-hugaður var, og þannig geta lagt inn á reikninginn. Aldrei varð úr verslunarrekstrinum.

Í 248. gr. almennra hegningarlaga segir, að maður, sem kemur öðrum manni til að hafast eitthvað að eða láta eitthvað ógert með því á ólögmetan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um eitthvert atvik og hafi þannig fé af honum eða öðrum, varði það fangelsi allt að sex árum.

Dómurinn telur einsýnt, að ákærði hafi vitað eða séð það fyrir, er hann ritaði tékkana, sem hann kvað hafa verið svokallaða geymslutékka, að hann gæti ekki staðið undir greiðslu þeirra, og hafi því með viðskiptunum

með tékkana, jafnt geymslutékkana sem staðgreiðslutékkana, komið þannig fram gagnvart viðsemjendum sínum, að 248. gr. almennra hegningarlaga eigi við um háttsemina. Er ákærði Jón Ellert því sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í I. kafla ákæru.

Brot ákærða X er samkvæmt þessu rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru og hann sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem honum er þar gefin að sök.

## II. 1.

Við dómsmeðferð málsins bar ákærði, að Hannibal Sigurvinsson hefði heimilað sér að ráðstafa andvirði skuldabréfanna með því að gera upp skuld, sem ákærði sagði Hannibal standa í við Sigurð Ólason. Ákærði hefði því ekki dregið sér andvirði skuldabréfanna.

Svo sem rakið var að framan, var málinu frestað í því skyni að gefa ákærða kost á að leiða Sigurð Ólason fyrir dóm sem vitni eða að leggja fram gögn, sem styddu framburð ákærða, en hvorugt var gert.

Vitnið Hannibal Sigurvinsson hefur vísað á bug framburði ákærða um þetta uppgjör.

Þá hefur vitnið Reynir Ástþórsson borið, að það hafi fengið annað skuldabréfið í hendur frá ákærða, sem hafi með því gert upp skuld sína við Reyni.

Dómurinn telur þannig framburð ákærða um heimild til ráðstöfunar á andvirði skuldabréfanna að engu hafandi og telur sannað með vitnisburði Hannibals Sigurvinssonar, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi dregið sér og notað í eigin þágu þau tvö skuldabréf, sem í þessum ákærulið greinir.

## II. 2.

Ákærði hefur borið, að hann hafi notað andvirði tékkanna til að skulda-jafna vegna skuldar Tölvuverslunar Reykjavíkur hf. á tveimur víxlum, sem ákærði hafði undir höndum, en víxlarnir munu hafa verið vegna viðskipta Bláfells hf. og Tölvuverslunar Reykjavíkur hf. Óumdeilt er, að ákærði tók að sér að skipta tékkunum fyrir reiðufé.

Vitnið Örn Héðinsson bar, að ákærða hefði ekki verið heimilt að ráðstafa andvirði tékkanna á annan hátt en að skila því, eins og um var samið, og viðskipti Tölvuverslunarinnar og Bláfells hf. komi því uppgjóri ekki við. Vísaði Örn til áritunar á kvittun, sem getið er um í málavaxtalýsingu að framan.

Ákærði hefur borið, að texta hafi verið bætt inn á kvittunina og að þessu hafi ákærði komist, er hann bar texta kvittunarinnar saman við texta kvittunar, sem ákærði hafði undir höndum. Þá kvittun hefur ákærði ekki lagt fram og vék ekki heldur að þessu, er hann var spurður ýtarlega um texta

kvittunarinnar í lögregluþfirheyrslu 14. maí 1992. Reynir Ástþórsson bar að hafa keypt tékkana af ákærða.

Dómurinn telur hinn breytta framburð ákærða nú órökstuddan og ekki að treysta. Hins vegar telur dómurinn sannað með vitnisburði Arnar Héðinssonar, sem fær stuðning af öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þágu tékkana, sem hér er ákært út af.

## II. 3.

Dómurinn telur sannað með vitnisburði Engilberts Imsland og framburði ákærða, sem kvaðst hafa ráðstafað skuldabréfunum í eigin þágu án heimildar frá Engilbert, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af.

Brot ákærða í öllum þremur töluliðum II. kafla ákæru varða við 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jón Ellert hefur frá árinu 1984 gengist undir fjórar dómsáttir fyrir umferðarlagabrot. Þá gekkst hann undir viðurlagaákvörðun árið 1994 fyrir umferðarlagabrot. Í ágúst 1990 hlaut hann 45 daga skilorðsbundið varðhald fyrir fjársvik.

Ákærði X hefur ekki áður sætt refsingu.

Rannsókn brota, sem lýst er í I. kafla ákæru, lauk í apríl 1992. Rannsókn brota, sem lýst er í II. kafla, 1. og 2. tl., lauk í maí 1992. Ákæran var gefin út rúmum þremur árum síðar.

Af hálfu fulltrúa ákæruvalds hefur verið greint frá því, að allt frá þessum tíma hafi verið til rannsóknar mál, þar sem að minnsta kosti ákærði Jón Ellert hafi komið við sögu allt fram á þetta ár, en skv. bréfi ríkissaksóknara, dags. 27. júní 1995, bærust embætti ríkissaksóknara rannsóknargögn frá Rannsóknarlögreglu ríkisins með fimm bréfum, dags. 2. desember 1993, 20. mars 1994, 30. mars 1994, 5. apríl 1994 og 2. mars 1995. Af gögnum málsins verður ráðið, að drátturinn hafi að mestu leyti orðið hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Önnur mál en þau, er ákæran lýtur að, voru felld niður með hliðsjón af 112. gr. laga nr. 19/1991.

Þessi dráttur er ámælisverður og brýtur í bága við meginreglu 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 og er jafnframt andstæður 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem öðlaðist lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994. Dráttur þessi hefur orðið til þess, að málsmeðferð fyrir dómi gat ekki hafist innan hæfilegs tíma, sbr. tilvitnað ákvæði Mannréttindasáttmálans, og er tekið mið af þessu við refsiakvörðun.

Brot ákærða Jóns Ellerts eru stórfelld, en andlag brota, sem hann er nú sakfelldur fyrir, nemur rúmlega 5,8 milljónum króna.

Refsing ákærða Jóns Ellerts er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. al-

mennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákvörðuð fangelsi í tíu mánuði. Hefur þá verið tekið tillit til dráttarins, sem getið var um að framan og á við alla ákæruliði utan hinn síðasta, er lýtur að 2.000.000 króna fjárdrætti á þessu ári.

Með hliðsjón af drætti málsins og með vísan til framanritaðs þykir eftir atvikum rétt að fresta ákvörðun refsingar X skilorðsbundið í tvö ár, og falli hún niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jón Ellert sætti gæsluvarðhaldi frá 10. apríl 1992 til 22. s. m., í tólf daga, og ákærði X frá 1. apríl 1992 til 15. s. m., í 14 daga.

Ákærandi greindi frá því við flutning málsins, að mörg mál hefðu sætt rannsókn á hendur ákærðu á sínum tíma. Ekki er fyllilega ljóst af gögnum málsins, hvort gæsluvarðhald þeirra hafi að einhverju leyti verið vegna rannsóknar sakarefnis, sem nú er ákært fyrir, en þar sem ákærðu voru báðir yfirheyrdir í gæsluvarðhaldi vegna sakarefnis í I. kafla ákæru, þykir eftir atvikum rétt og jafnframt með hliðsjón af 76. gr. almennra hegningarlaga að draga tólf daga gæsluvarðhald ákærða Jóns Ellerts frá refsivist hans.

Þá þykir rétt með hliðsjón af sama hegningarlagaákvæði að ákveða, komi til þess, að ákærða X verði ákvörðuð refsivist, að frá þeirri refsivist dragist 14 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærðu bera óskipta skaðabótaábyrgð vegna tjóns, sem hlaut af útgáfu og notkun tékkanna, sem lýst er í I. kafla ákæru.

Í 3., 4., 7. og 9. tl. kaflans um bótakröfur er krafist innheimtukostnaðar, en ekki gerð frekari grein fyrir þeim kostnaði. Þessi kröfugerð þykir of óljós, og er þeim hluta hennar vísað frá dómi.

Í 4. tl. er krafist dráttarvaxta án tilgreiningar um upphafstíma, og er þar í niðurstöðu dómsins miðað við sýningardag tékkans, sem var 8. júlí 1991 og sýningardagur tékkans í 6. tl. 11. júlí 1991.

Ákærðu, sem bera óskipta bótaábyrgð, eru dæmdir óskipt til að greiða hinum nýju kröfuhöfum, sem getið er um í ákæru, þar til greindar fjárhæðir með vöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Jón Ellert greiði Hannibal Sigurvinssyni 1.320.000 kr. ásamt vöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Ákærði Jón Ellert greiði verjanda sínum, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 150.000 kr. í málsvarnarlaun, og ákærði X greiði verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 kr. í málsvarnarlaun. Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð. Sigríður J. Friðriksdóttir, deildarlögfræðingur hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, flutti málið af hálfu ákæruvalds.

## D ó m s o r ð:

Ákærði Jón Ellert Tryggvason sæti fangelsi tíu mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi tólf daga gæsluvarðhald hans.

Ákvörðun um refsingu ákærða X skal fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til þess, að ákærða X verði ákvörðuð refsivist, skal draga frá þeirri refsivist 14 daga gæsluvarðhald hans.

Ákærðu greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur óskipt:

— — —

Ákærði Jón Ellert greiði verjanda sínum, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, 150.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Ólafi Garðarssyni hæstaréttarlögmanni, 100.000 kr. í málsvarnarlaun.

Sakarkostnað að öðru leyti greiði ákærðu óskipt, þ. m. t. 150.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð.

---